

REGLUGERÐ

um mannflutninga í loftförum

1. gr.

Orðaskýringar.

1.1. Þegar eftirfarandi orð eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

a) **Flugrekandi** (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða **félag stofnun** sem **fengið stundar** **hefur** eða **býðst** til að stunda rekstur loftfars. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi **samgönguráðuneytisins** Flugmálastjórnar eða **flugmálastjórnar** eftir því sem við á Íslands til þess að stunda **flugrekstur** í **atvinnuskyni** atvinnuflug.

b) Flugstjóri: Flugmaður, sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á flugtíma stendur.

c) Þjónustuliði: Áhafnarliði, sem er starfsmaður flugrekanda, og falið er starf um borð í loftfari meðan á flugtíma stendur sem nauðsynlegt er öryggi farþega, annað en starf flugliða.

2. gr.

Almennt.

2.1. Hámarksfjöldi þeirra, sem nokkru sinni mega vera um borð í loftfari, takmarkast af tölu þeirri, sem getið er í lofthæfisskírteini eða tegundarskírteini þess. Enn fremur takmarkast hámarksfjöldinn af fjölda björgunarvesta, björgunarbáta, súrefnisgrímna og annars neyðarbúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni.

2.1.1. Með þeirri undantekningu, sem um getur í 6. gr., má fjöldi þeirra, sem um borð eru, þó aldrei fara fram úr fjölda öryggisbelta á föstum sætum eða bekkjum um borð.

3. gr.

Öryggisbelti.

3.1. Áhöfn og farþegar skulu hafa öryggisbelti spennt í flugtaki og við landingu.

Flugstjórinn skal, þegar flogið er í ókyrru lofti, fyrirskipa að öryggisbelti séu spennt.

3.2. Í loftförum, sem hafa aðgreind stjórnrymi og farþegarými, skal vera greinilegt ljósskilti í farþegarými með textanum "SPENNID BELTIN" og/eða „FASTEN SEAT BELTS". Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem farþegarnir eiga að vera spenntir fastir. Farþegunum skal og sagt að sitja ætíð fastspenntir er þeir sitja í sæti sinu, jafnvel þótt ekki sé kveikt á skiltinu.

4. gr.

Tóbaksreykingar.

4.1. **Lofthæfisskírteini** Tóbaksreykingar eru óheimilar um borð í loftförum í atvinnuflugi. Öll salerni og önnur afmörkuð svæði sem farþegar hafa aðgang að skulu greinilega merkt með textanum "REYKINGAR BANNADAR" og eða **flughandbók** "NO **loftfars** SMOKING".

segir Liðir til um hvort tóbaksreykingar eru leyfðar í loftfarinu. Reykingar má aðeins leyfa í stjórnklefa 4.1.1 og farþegaklefa, 4.1.2 en falla ekki á salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins brott.

Óheimilt er að reykja í atvinnuflugi með farþega á íslenskum innanlandsflugleiðum. Frá og með 26. mars 1995 er óheimilt að reykja í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra ríkja.

4.1.1. Í loftförum, þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar og þar sem stjórnklefi og farþegaklefi eru aðgreindir, skal vera greinilegt ljósskilti í farþegaklefa með textanum "REYKINGAR BANNADAR" og/eða "NO SMOKING". Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem reykingar eru bannaðar. Flugstjórinn skal sjá um að farþegar skilji merkingu textans.

4.1.2. Öll salerni og önnur afmörkuð svæði, sem farþegar hafa aðgang að, skulu vera greinilega merkt með textanum "REYKINGAR BANNADAR" og/eða "NO SMOKING", hvort sem reykingar eru leyfðar í loftfarinu eða ekki.

4.2. **Tóbaksreykingar**

Þó skal flugrekanda heimilt að leyfa reykingar í hluta farþegarymis í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi. Þess skal þó ávallt gætt að óþægindi skapist ekki fyrir þá sem ekki reykja. Reykingar má aðeins leyfa í hluta farþegarymis, en ekki í stjórnklefa, salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

4.2.1.

Í loftförum í atvinnuflugi á flugleiðum milli erlendra ríkja án viðkomu á Íslandi skal þó óheimilt að reykja í hluta farþegarymis í eftirfarandi tilvikum:

a) í stjórnklefa og farþegaklefa:

b)

c)

d)

e) í farþegaklefa:

þegar loftfarið er á jörðu niðri,

í flugtaki og rétt eftir flugtak,

rétt fyrir eða við landingu,

við flug í ókyrru lofti þegar flugstjórinn ákveður svo,

í loftförum sem hafa mestan flugtaksþunga 5700 kg eða minni ef einhverjum um borð er gefið súrefni eða notar það,

í loftförum sem hafa mestan leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg

þegar súrefni er gefið farþegum í meira en 30% farþegasæta. Ef aðeins einstökum farþegum er gefið súrefni eru tilbaksreykingar bannaðar í sömu sætaröð, næstu sætaröð fyrir framan við og næstu sætaröð aftan við þá farþega sem gefið er súrefni.

e) 4.2.2. f)

stjórnklefa: Á

Þeim flugleiðum sem heimilt er að leyfa reykingar í loftförum hluta farþegarymis og þar sem hafa stjórnklefi mestan og leyfilegan farþegaklefi flugtaksþunga eru meiri aðgreindir en skal 5700 vera kg greinilegt þegar einhver notar súrefni ljósaskilti í stjórnklefa farþegaklefa með textanum "REYKINGAR BANNAÐAR" og/eða "NO SMOKING".

Kveikt skal á skiltinu í hvert skipti sem reykingar eru bannaðar. Flugstjóri skal sjá um að farþegar skilji merkingu textans.

5. gr.

Sala og neysla áfengra drykkja um borð í loftförum í atvinnuflugi.

5.1. Áfengisneysla um borð í íslenskum loftförum er óheimil, nema starfslið flugrekenda afgreiði það til viðkomandi farþega.

5.2. Flugrekendur sem afgreiða áfengi til farþega sinna skulu skilgreina í flugrekstrarbók með hvaða hætti farþegum sé afgreitt áfengi og einnig hversu mikið hverjum einstökum farþega megi veita á ákveðnum flugleiðum eða á ákveðnum tíma.

5.3. Flugstjóri skal banna farþega að kaupa áfenga drykki eða neyta þeirra um borð í loftfari ef farþeginn að hans mati er svo mikið undir áhrifum áfengis að ætla má að hann geti skert nauðsynlegan aga um borð eða verið öðrum til ama eða tjóns.

5.4. Flugstjóri skal neita að taka um borð farþega, og ber að vísa frá borði farþegum, sem að hans dómi eru svo mikið undir áhrifum áfengis að þeir geti stefnt í hættu öryggi og hindrað reglu um borð.

5.5. Flugstjóri skal fylgjast með að góð regla sé um borð.

6. gr.

Flutningur á börnum.

6.1. Setja má barn yngra en tveggja ára í sama sæti og fullorðinn að því tilskildu að aðeins sá fullorðni hafi öryggisbeltið spennt, þegar svo ber undir, og haldi á barninu.

6.2. Setja má tvö börn, sem eru í fylgd fullorðins og orðin eru tveggja ára en samanlagt ekki eldri en 12 ára, saman í eitt sæti þannig að þau sitji hlið við hlið og hæði séu spennt föst í sama öryggisbeltið, sbr. þó gr. 2.1., enda sé tilskilinn öryggisbúnaður við sætin (björgunarbelti og súrefnisgrímur ef við á) 6.3. Við sérstaka barnaflutninga skal vera hæfilegur fjöldi fullorðinna til eftirlits og aðstoðar börnunum.

7. gr.

Flutningur hreyfiskerts fólks.

7.1. Um flutning hreyfiskerts fólks gilda ákvæði sérstakrar reglugerðar eins og hún er á hverjum tíma.

8. gr.

Áhöfn í farþegarými: farþegarými og flutningur farþega í flugmannssæti.

8.1. Í þegar farþegarými loftfar hefur tvö flugmannssæti og einungis einn flugmaður er í áhöfn skal vera leyfilegt sá að lágmarksfjöldi nýta þjónustuliða annað sem flugmannssætið getur fyrir flutning farþega þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

A)

Farþeginn er ekki hreyfihamlaður eða andlega fatlaður.

B)

Farþegi í gr flugmannssæti má ekki sitja með barn í fanginu. 8.3

C)

Farþegi skal fá ítarlegar leiðbeiningar frá flugstjóra varðandi skilyrði fyrir setu sinni í flugmannssæti, sérstaklega varðandi stjórtæki vélarinnar. hér

á D) eftir.

Farþegi skal sitja með sætisbelti spennt allan flugtímann.

8.2. Öðrum en þeim, sem fengið hafa sérstaka viðurkennda þjálfun, er óheimilt að starfa sem þjónustuliði í farþegarými.

8.3. Lágmarksfjöldi þjónustuliða í farþegarými fer að hluta eftir fjölda farþegasæta, sem eru í loftfarinu og að hluta eftir þeim fjölda farþega, sem fluttir eru hverju sinni.

8.3.1. Ef um er að ræða loftför með sætum fyrir 10-19 farþega ákveður flugmálastjórn hvort nauðsyn sé áhafnar í farþegarými og hefur þá hliðsjón af hvernar tegundar loftfarið er.

8.3.2. Í loftförum, sem hafa 20 eða fleiri farþegasæti, fer fjöldi þjónustuliða í farþegarými eftir því hve margir farþegar eru fluttir svo sem hér greinir.

Fjöldi farþega Fjöldi þjónustuliða í farþegarými

1- 50 a. m. k. 1

51-100 a. m. k. 2

101 og þar yfir a. m. k. 1 að auki fyrir hverja 50 farþega eða færri.

8.3.2.1 Ef farþegarnir eru færri en 20, og eru allir starfsmenn flugrekanda vel kunnugir neyðarbúnaði farþegarýmis, þarf ekki áhöfn í farþegarými.

8.3.3. Reglur um fjölda og skipun þjónustuliða í farþegarými skulu vera í flugrekstrarhandbók flugrekanda.

8.4. Með hliðsjón af neyðarbúnaði, innréttingu og viðbrögðum við neyðarástandi getur flugmálastjórn krafist að einn eða fleiri þjónustuliðar í farþegarými séu karlmenn.

8.5. Fyrir hverja tegund loftfars, sem flugrekandi notar, skal hann setja reglur um staðsetningu þjónustuliða í farþegarými við flugtak og landingu. Þeir skulu sitja eins nálægt neyðardyrum og hægt er og jafnframt geta fylgst með farþegunum. Ef fleiri áhafnarliðar eru í farþegarými skulu þeir vera dreifðir um farþegarýmið svo að auðvelda megi farþegum eftir megni að komast út úr loftfarinu í neyðartilvikum.

Brot á reglugerð þessari varða við 179. gr. laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, auk þess sem heimilt er að svipta flugrekanda flugrekstrarleyfi, sbr. 86. gr. laga um loftferðir,

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

9. gr.

Farþegalisti í atvinnuflutningum.

9.1.

Um borð í íslensku loftfari skal vera farþegalisti. Farþegalisti skal jafnframt liggja frammi í brottfararflughöfn.

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar í farþegalista:

a)

nöfn allra einstaklinga um borð;

b)

hvaða aldursflokki (fullorðinn, barn (2-12) eða ungabarn (0-2)) þeir tilheyra eða aldur eða fæðingarár;

c)

upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur;

d)

flugnúmer flugs, brottfararflughöfn og flugvöllur á áfangastað.

9.2.

Farþegalisti skal varðveittur í 3 mánuði. Heimilt skal að varðveita farþegalista á rafrænu formi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.